

FRÉTTA-pýramídarnir 1993:

Komu í hlut Lárusar Jakobssonar, Sigmunds Jóhannssonar og Lúðrasveitar Vestmannaeyja

Afhending FRÉTTA-pýramíðanna

FRÉTTA-pýramídarnir voru afhentir við athöfn á Veitingastaðnum HB á sunnudaginn. Að þessu sinni komu þeir í hlut Sigmunds Jóhannssonar, Lárusar Jakobssonar og Lúðrasveitar Vestmannaeyja. Sigmund fékk pýramíðann fyrir framlag til atvinnumála og öryggismála sjómanna, Lárus fyrir framlag til íþróttamála og Lúðrasveitin fyrir framlag til menningarmála.

Allir eru þessir aðilar vel að viðurkenningunni komnir. Sigmund hefur um margra ára skeið unnið mikið og óeigingjarnt starf til að auka öryggi sjómanna. Sem dæmi má nefna að á síðasta ári kom hann fram með nýja útfærslu á bjarglínubúnaði sem kemur til með að flýta verulega björgun úr strönduðum skipum. Lárus Jakobsson er óumdeilanlega guðfaðir SHELL-mótsins sem var haldið í tíunda sinn á síðasta ári og er orðið eitt stærsta íþróttamót landsins. Um framlag Lúðrasveitar Vestmannaeyja til menningar í Vestmannaeyjum þarf enginn að efast. Á þessu ári eru 55 ár frá stofnun og hefur starfsemi hennar verið mjög öflug síðasta árið.

Afhendingin fór fram á Veitingastaðnum HB að viðstöddum milli 50 og 60 gestum, velunnurum blaðsins, viðskiptavinum og fólki sem verið hefur áberandi á síðum blaðsins á árinu. Ólafur Elisson, rakti í nokkrum orðum sögu FRÉTTA-pýramíðanna sem nú voru veittir í 3. sinn. Fyrst voru þeir afhentir í ársbyrjun 1992. Þá komu þeir í hlut Sigurðar Gunnarssonar fyrir framlag til íþróttamála, Vals Andersen fyrir framlag hans til samgöngumála og Haraldar Guðnasonar fyrir framlag til menningarmála. Á síðasta ári komu þeir í hlut Sigmars Þrastar Óskarssonar fyrir framlag til íþróttamála, Páls Helgasonar fyrir framlag til ferðamála og Jóa Listó fyrir framlag til menningarmála. Allir hafa þeir verið vel að þessari viðurkenningu komnir.

Ómar Garðarsson, ritstjóri, rakti í nokkrum orðum hvað lá að baki þess að Sigmund, Lárus og Lúðrasveitin fengu pýramíðana að þessu sinni. Gísli Valtýsson, framkvæmdastjóri og ábyrgðamaður FRÉTTA, afhenti síðan pýramíðana. Sigmund og Lárus voru mættir í eigin persónu en Stefán Sigurjónsson, stjórnandi, tók við Pýramíðanum fyrir hönd Lúðrasveitarinnar.

Guðjón Hjörleifsson, bæjarstjóri, og Árni Johnsen, alþingismaður, tóku til máls og voru þeir sammála um að allir hefðu pýramíðahafarnir unnið til þessarar viðurkenningar og vonuðu þeir að hún yrði þeim hvatning til frekari afreka í framtíðinni.

Að afhendingunni lokinni var sýnt myndband frá síðasta SHELL-móti og annað sem sýndi hvernig hinn nýi búnaður Sigmunds vinnur. Bjarni Sighvatsson, formaður Björgunarfélags Vestmannaeyja, var líka með búnaðinn á staðnum og sýndi gestum hvernig nota á hann.

Að lokum léku sex félagar í Lúðrasveitinni þrjú lög.

FRÉTTIR vilja að lokum óska Sigmund, Lárusi og Lúðrasveitinni til hamingju með viðurkenningarnar og er það von okkar að hún verði þeim og öðrum hvatning í framtíðinni.



Handhafar Frétta-pýramíðanna 1993:

Handhafar Frétta-pýramíðanna 1993: F.v. Sigmund Jóhannsson, Stefán Sigurjónsson stjórnandi Lúðrasveitar Vestmannaeyja og Lárus Jakobsson.

Starf Lúðrasveitar Vestmannaeyja

Lagði grunninn að þeirri tónlistarhefð sem Eyjarnar skarta í dag

Lúðrasveit Vestmannaeyja var stofnuð 22. mars 1939 og verður því 55 ára fljótlega á þessu ári. Auðvitað hefur starfsemi Lúðrasveitarinnar gengið í bylgjum en framlag hennar til menningar í Vestmannaeyjum er ótvírátt. Það er ekki bara að liðsmenn hennar hafa verið boðnir og búnir til að spila við hin ýmsu tækifæri, sama hvernig hefur viðrað, þar hafa líka margir tónlistarmenn í Vestmannaeyjum stigið sín fyrstu spor á tónlistarbrautinni.

Vestmannaeyingar hafa það fram yfir önnur bæjarfélög í landinu að skarta eigin tónlistarhefð og þar eru efst á blaði Þjóðhátíðarlögin. Og þar hefur Lúðrasveitin komið við sögu því oft á tíðum var það hún sem frumflutti lögin.

Lúðrasveit Vestmannaeyja var stofnuð 22. mars árið 1939 eins og fram kom hér að framan. Stofnendur hennar voru Oddgeir Kristjánsson, sem stjórnaði henni til dauðadags árið 1966 og Hreggviður Jónsson í Hlíð sem var hennar fyrsti formaður. Má geta þess að einn af stofnendum sveitarinnar er enn á lífi. Er það Kjartan í Djúpadal sem er heiðursfélagi í dag. Of langt mál yrði að telja upp framlag Oddgeirs til tónlistar í Vestmannaeyjum en undir hans stjórn lagði Lúðrasveitin grunninn að því tónlistarlífi og tónlistar-

hefð sem Eyjamenn eiga í dag.

Í þessi tæp 55 ár hefur starfsemi Lúðrasveitarinnar verið óslitin. Afkvæmi hennar voru Lúðrasveitir í Gagnfræðaskólanum og Barnaskólanum sem sameinuðust í Skólalúðrasveitinni eftir gos. Þessar sveitir eru uppeldisstöðvar fyrir Lúðrasveit Vm. og verður það starf seint metið að verðleikum. Þá má ekki gleyma mönnum eins og Guðna Hermansen en hann og félagar í Lúðrasveit Vestmannaeyja héldu uppi öflugum jasstarfi hér á árum áður og héldu þeir líka úti hljómsveitum sem léku á dansleikjum. Í dag eru það

Vinir Óla sem halda uppi merki frumherjanna á þessum vettvangi. Bjóða þeir bæði upp á léttu jasstónlist og dansmúsík. Og framlag þeirra til Daga lita og tóna, sem eru að festa sig í sessi sem árleg uppákoma um hvítasunnuna, hefur verið vaxandi.

Í dag er Stefán Sigurjónsson, stjórnandi Lúðrasveitar Vestmannaeyja, og vil ég biðja hann um að taka við FRÉTTA-pýramíðanum fyrir framlag sveitarinnar til menningarmála. Þetta er lítill þakklætisvottur og er það von okkar að hann verði mönnum hvatning til enn frekari afreka í framtíðinni.

